

Til: Skipulagsráðs Akureyrarbæjar, B.T. Þórhallur Jónsson formaður

Efni: Ósk um framkvæmdir til að auka umferðaröryggi nemenda í Glerárskóla

Vorið 2020 fundaði Skólaráð Glerárskóla með fulltrúum Hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis, Skipulagsráðs Akureyrarbæjar, Vegagerðarinnar og Fræðsluviðs vegna umferðaröryggis á Hörgárbraut norðan Glerár. Stuttu síðar eða 25.05 2020, birti Akureyrarbær frétt á akureyri.is sem m.a. innihélt eftirfarandi :

Ákveðið hefur verið bæta merkingar, setja upp skilti/bróskarl sem sýnir raunhraða ökutækja og koma upp rauðljósa- og hraðamyndavél við gangbrautina við Stórholt. Þá er stefnt að því að endurskoða ljósatíma gönguljósa þannig að lengri tími líði frá því að þrýst er á hnapp og þar til ökutæki fá rautt ljós. Þar að auki er gert ráð fyrir að loka hjáleið frá Höfðahlíð inn á lóð N1 og beina öikumönnum frekar að hringtorginu við Undirhlíð.

Fleiri aðgerðir fyrirhugaðar

Einnig hefur verið ákveðið að hefja undirbúning að nokkrum aðgerðum sem eru flóknari í framkvæmd og/eða krefjast skipulagsbreytinga, svo sem að framlengja miðeyju Hörgárbrautar og loka vinstribeygju að Stórholti og gera breytingar á gangbrautum við hringtorgið við Undirhlíð. Ennfremur var samþykkt að á næstu árum verði smám saman gróðursett tré á milli akreina, en slíkt er talið auka þéttbýlisupplifun ökumanna og draga úr ökuhraða. (Tekið af akureyri.is, 25.05.2020)

Í minnisblaði til Skipulagsráðs um tillögur að úrbótum á umferðaröryggi, málsnúmer 2020020376 dagsettu 16. apríl 2020, koma einnig fram tillögur að fjölmörgum aðgerðum til að bæta umferðaröryggi við Hörgárbraut. Meðal annars eru nefndar aðgerðir s.s. að bæta við skiltum, setja upp rauðljósa- og hraðamyndavél, loka hjáleið frá N1, lækka hraða niður í 40 km og loka vinstribeygju að Stórholti auk margra annara tillagna sem gætu aukið umferðaröryggi til muna.

Nú er skólastarf í Glerárskóla búið að vera á fullri ferð í rúmlega þrjá mánuði og liðnir eru um sex mánuð frá því ákvörðun yfirvalda var birt á vefsíðu Akureyrarbæjar. Tvær af þeim aðgerðum sem nefndar voru hafa komið til framkvæmd sem er jákvætt en þ.e. skilti með upplýsingum um raunhraða (bros- eða fylukarl) og súlublaespír hafa verið gróðursettar á miðeyju (sbr. frétt á akureyri.is dagsetta 20.10.2020).

Í bréfi Skólaráðs Glerárskóla, sendu þeim aðilum sem áður hafa verið nefndir, var einnig einlæg ósk þess efnis að gerð yrði gangbraut yfir Skarðshlíð við Höfðahlíð en þar er engin gangbraut í neinni nálægð. Þeir nemendur sem koma frá neðra Holtahverfi og austan Skarðshlíðar neðan við N1, eru því sumir ekki einvörðungu í hættu við að þvera Hörgárbraut heldur einnig þegar fara þarf yfir Skarðshlíðina. Þetta horn er stórhættulegt gangandi og hjólandi vegfarendum enda Skarðshlíðin mjög breið á þessu svæði og akstur hraður þrátt fyrir 30 kílómetra hámarkshraða. Þess má geta að Glerárskóli hefur ítrekað óskað eftir gangbraut á þessum stað. Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis hefur einnig ítrekað óskað eftir þessum úrbótum.

Eins og lesa má af þessu er enn langt í land með að nemendur Glerárskóla séu öruggir í umferðinni á leið sinni frá heimili til skóla.

Skólaráð Glerárskóla óskar því hér með eftir því að tafarlaust verði farið í þær framkvæmdir sem bæjaryfirvöld hafa ákveðið að framkvæma við Hörgárbraut og að sett verði gangbraut á Skarðshlíð við Höfðahlíð svo nemendur skólans getir verið öruggir á leið sinni í og úr skólanum. Einnig óskar Skólaráð Glerárskóla eftir því að fá tímasetta áætlun um verkin.

Virðingarfyllt,
Skólaráð Glerárskóla og Hverfisnefnd Holta – og Hlíðahverfis.



Eyrún Skúladóttir, skólastjóri




Einar Gauti Helgason, fulltrúi Hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis



Hólmfríður Guðnadóttir, fulltrúi kennara




Inga Hild Pálsdóttir, fulltrúi kennara



Ágúst Lárússon, fulltrúi foreldra




Eidís Anna Björnsdóttir, fulltrúi foreldra



Soffía Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna



Mikael Darri Heiðarsson, fulltrúi nemenda



Sonja Björg Sigurðardóttir, fulltrúi nemenda

Afrit sent:
Karli Frimannssyni, sviðstjóra fræðsluviðs Akureyrarbæjar